Kjarvalsstaðir:

„Finnst svo gaman að láta fólkið fljúga“

Sýning á verkum Karólínu Lárusdóttur opnuð á Kjarvalsstöðum


Í DAG klukkan 14 verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á verkum Karólínu Lárusdóttur. Þetta er önnur einkasýning hennar hér á landi, en hún hefur einnig haldið einkasýningar í London og í Kaupmannahöfn.

Á sýningunni eru olíumálverk, vatnslitamyndir og grafíkmyndir. „Mér finnst ógurlega gaman að gera þessar myndir“ segir Karólína, og bætir því við að það viðfangsefni sem hún fáist við hverju sinni sé skemmtilegast, hvort sem um grafík, vatnslitamynd eða olíumálverk sé að ræða. Aðferðirnar eru ólíkar og hún segist forðast að festast í einhverri þeirra. „Það eru aðallega tvær gerðir mynda hér á sýningunni, annarsvegar stilli ég upp hlutum á borð heima hjá mér og mála, byrja venjulega að morgni og fylgist með því hvernig dagsbirtan breytist, lýsir upp fyrirmyndirnar eftir því sem líður á morguninn. Hinsvegar stilli ég upp fólki í landslagi í huganum, fólkið er í nánum tengslum við landið, þetta er mjög jarðbundið fólk. Ég get yfirleitt alltaf sest niður og málað, hef nóg af hugmyndum.“

-Þú þarft ekkert að bíða eftir að andinn komi yfir þig?

„Nei, ég hef alltaf nóg að vinna úr.“

Karólína hefur verið búsett í Bretlandi í 22 ár. Hún segist þó alltaf líta á sig sem útlending í Bretlandi, og í myndum hennar má sjá landslag sem minnir mjög á Ísland. Í myndunum er mikil fólksmergð, fólkið er líka nokkuð íslenskt, líkist þeim sem voru á ferli upp úr 1950 í klæðnaði og háttum, svolítið sveitalegt, miðað við þá heimsborgara sem nú ganga um götur. Hún segist hafa gengið með þessar hugmyndir lengi, en ekki komið þeim á striga fyrr en nú, það sé mjög erfitt að mála fólk og hún málar ýmsar myndir úr bernskunni. „Þetta fólk á þó engar fyrirmyndir og hvað landslagið snertir, er þetta Ísland, en einhverjir staðir sem eru ekki til nema í sjálfri mér.“



Smiður á samkomu og í leit að himnaríki heita þessar myndir sem eru að baki Karólínu.

Fljúgandi kaffispákona

Myndirnar bera vott um ríka kímnigáfu, fólkið í myndunum lyftist stundum frá jörðu, við sjáum fljúgandi konu í einni myndinni, tvo fljúgandi menn í annarri, fljúgandi kaffispákonu í þeirri þriðju og fljúgandi hárgreiðslukonu bregður einnig fyrir. Karólína hlær þegar við virðum fyrir okkur myndirnar og segir að henni finnist svo gaman að mála fljúgandi fólk að hún ráði ekkert við þetta. „Þessi hárgreiðslukona komst inn á mynd hjá mér eftir að ég var eitt sinn farþegi í rútu frá Selfossi. Inn í rútuna kom kona sem sagði annarri kunningjakonu sinni frá einhverri hárgreiðslukonu á Selfossi sem var að hennar sögn mjög fær. Ég hlustaði á þetta allt saman og varð svo upptekin af þessu að ég varð að mála konuna.“

Fyrir fjórum árum hélt Karólína fyrstu einkasýningu sína á Kjarvalsstöðum, en hún útskrifaðist frá Ruskin listaskólanum í Oxford 1967, nam við Barking College of Art í London með ætingu sem aðalgrein 10 árum síðar, en segist hafa haft lítinn tíma til að mála fyrr en nú síðustu ár, þar sem tíminn hafi farið mikið í að sinna heimili og börnum sem nú eru 16 og 18 ára. „Ég hefði ekki getað sýnt hér '82, ef ég hefði ekki fengið hjálp frá Guðmundi Axelssyni í Klausturhólum. Eftir fyrstu sýninguna hér, þorði ég að fara í gallerí í London, og nú er mér boðið að halda fleiri sýningar en ég ræð við. Að þessu sinni segir hún að starfsfólk í Gallerí Borg hafi stutt við bakið á henni, einkum þó gömul skólasystir hennar og vinkona Svala Lárusdóttir. Hún segist hafa pantað salinn á Kjarvalsstöðum með rúmlega ársfyrirvara, en flestar myndirnar eru þó málaðar á þessu ári. Að undanförnu hafi hún lagt nótt við dag til að ljúka við myndirnar, þar sem hún hefði ekkert getað unnið í þrjá mánuði vegna veikinda. „Ég hef alltaf verið heilsuhraust en hélt ég væri að upplifa mitt síðasta“ segir hún, en hún fékk vírus á ferð sinni um Suður-Ameríku s.l. jól. „Eftir svona veikindi breytast öll viðhorf, menn verða jákvæðari og þakklátari fyrir það sem þeir hafa.“

Meðan við höfum setið að spjalli hafa menn komið og farið, það er líkt og þeir hafi flogið inn og út úr salnum eins og fólkið á veggjunum, konurnar í kaffisalnum komið með kaffi, og móðir listakonunnar með séruppahellingu á brúsa. Ljósmyndarar skotist inn og út, forstöðumaður hússins og listamenn með sýningar í öðrum sölum hússins hafa bæst í hópinn að ógleymdum Daða sem hefur hengt upp myndirnar á veggjunum, sagt ótal brandara og upplýst okkur um næstum hvað sem er, m.a. flutt stuttan fyrirlestur um holufyllingar í tönnum og skaðsemi silfurfyllinga!

VJ

Keflavík:

Karlmenn í Reykjavík fá betri laun en á Suðurnesjum

KARLAR Í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur fá mun betri laun en karlar í Verslunarmannafélagi Suðurnesja. Munurinn hjá konum er ekki eins mikill. Þetta eru m.a. niðurstöður launakönnunar kjararannsóknarnefndar í nýgerðri launakönnun kjararannsóknarnefndar.

Karlmaður í VR hefur að meðaltali 41.193 kr. í mánaðarlaun á meðan starfsbróðir hans í VS fær 28.645 kr. Munurinn er ekki eins mikill þegar álagsgreiðslur eru teknar inn í myndina 48.665 kr. á móti 39.180 kr.

Konur í VR fá 32.142 kr. og 34.511 kr. með álagi en konur í VS 27.485 kr. og 32.919 kr. með álagi.

Eins og sjá má af þessum niðurstöðum er munurinn umtalsverður þó heita eigi að þessir aðilar vinni eftir sömu kjarasamningum. Samkvæmt launatöflu Landssambands íslenskra verslunarmanna eru hæstu laun í 36. launaflokki 31.800 eftir 7 ára starf.

— BB

Rangárvallasýsla:

Póstur flokkaður á Hvolsvelli og Hellu

ÞÆR breytingar hafa verið gerðar varðandi dreifingu pósts á Suðurlandi að póstur í Rangárvallasýslu, sem áður var lesinn sundur á Selfossi, er nú flokkaður á Hvolsvelli og Hellu.

Póstnúmer á Hvolsvelli er 860, en dreifbýli skal merkja 861 Hvolsvöllur. Eftirfarandi hreppar hafa póstnúmer 861 Hvolsvöllur: Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur.

Hella hefur póstnúmer 850. Dreifbýli skal merkja 851 Hella. Miklu máli skiptir að sendendur skrifi rétt póstfang á sendingar sínar. Rétt póstnúmer flýtir fyrir pósti, en röng eða ónákvæm áritun seinkar honum. Breytingar á dreifingu pósts í Rangárvallasýslu stuðla að betri þjónustu þar um slóðir.

(Fréttatilkynning)

Keflavík:

Íslenskt starfsfólk varnarliðsins fær viðurkenningu

Keflavík.

STARFSFÓLKI verslunar varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, „Navy Exchange“, var nýlega veitt viðurkenning fyrir best reknu verslunina á vegum hersins utan Bandaríkjanna. Framkvæmdastjóri er Trausti Björnsson sem hefur starfað hjá fyrirtækinu í rúm 30 ár.

Íslenskir starfsmenn eru um 70 talsins og eru þeir í miklum meirihluta. Samtök bandarískra kaupsýslumanna standa að þessu vali og þar segir að verslunin hafi sýnt bestu þjónustu, rekstur og stjórnun árið 1985. Valið stóð á milli 168 verslana.

„Versluninni er skipt í 33 deildir og er starfsfólkið ákaflega samstilltur hópur, þar sem margir hafa 20—30 ára starfsreynslu,“ sagði Trausti Björnsson í viðtali við Morgunblaðið. „Við kappkostum að veita góða þjónustu, hafa lágt vöruverð og hafa viðurkenndar vörur á boðstólum. Ef viðskiptavinur kemur ósáttur með



Morgunblaðið/Björn Blöndal

Sigríður Jónsdóttir, deildarstjóri í íslensku deildinni, afgreiðir viðskiptavin sem var að kaupa sér ullarpeysu fyrir veturinn.

vöru, sem hann hefur keypt, þá er honum gefinn kostur á að skila henni. Ég þekki ekki enn þann framleiðanda sem hefur neitað að taka við vöru frá óánægðum viðskiptavini.“

Trausti sagði að mikil söluaukning hefði orðið á íslenskum vörum á síðustu 3—4 árum. Helstu tegundir væru ullar- og gjafavörur, fiskur, kjöt, mjólkurvörur, brauð, blóm frá Hveragerði, svaladrykkir, öl og sælgæti. Þá væri talsvert keypt af íslenskum umboðsmönnum. Nú væri t.d. mikil sala á ullarfatnaði og hefði starfsfólkið oft ekki undan að taka fram nýjar vörur. Sala á ullarvörum á sl. ári hefði numið um 1 milljón Bandaríkjadala og í ár yrðu sú upphæð enn hærri.

„Viðskiptahættir Íslendinga og Bandaríkjamanna eru í ýmsu ólíkir,“ sagði Trausti ennfremur. „Við seljum t.d. talsvert með afborgunum, varan er tekin frá þegar greitt er inná hana, en ekki afhent fyrr en hún er að fullu greidd. Og núna er jólaundirbúningurinn að komast á fullt skrið, Bandaríkjamenn eru tímanlega með jólasendingar sínar.“

Velta „Navy Exchange“ á síðasta ári varð 16 milljónir dala. Allur ágóði rennur til tómstundastarfsemi á Keflavíkurflugvelli.

— BB

Brautskráning kandídata frá Háskóla Íslands

PRÓFSKÍRTEINI verða afhent kandídötum við Háskóla Íslands í við athöfn í Háskólabíói í dag, 25. október kl. 14.00. Dr. Sigmundur Guðbjarnason, rektor Háskóla Íslands ávarpar kandídata, en að því loknu afhenda deildarforsetar prófskírteini. Að lokum syngur Hákólakórinn nokkur lög undir stjórn Árna Harðarsonar.

Að þessu sinni verða brautskráðir 105 kandídatar og skiptast þeir þannig eftir deildum: Embbætispróf í guðfræði 6, embættispróf í læknisfræði 2, B.S. próf í hjúkrunarfræði 3, embættispróf í lögfræði 1, kandídatspróf í íslenskum bókmenntum 2, kandídatspróf í sagnfræði 1, B.A. próf í heimspekideild 22, próf í íslensku fyrir erlenda stúdenta 1, lokapróf í vélaverkfræði 1, lokapróf í rafmagnsverkfræði 4, kandídatspróf í viðskiptafræðum 32, B.S próf í raunvísindadeild 16, kandídatspróf í tannlækningum 1, B.A. próf í félagsvísindadeild 13.